

Öldungaráð

1.

Hlutverk , tilgangur og skipan.

Öldungarráð Hafnarfjarðar gætir hagsmuna eldri borgara í Hafnarfirði og er bæjarstjórn til ráðgjafar um þau málefni.

Ráðið skal hafa sem viðtækast samráð við samtök aldraðra í Hafnarfirði og aðra þá aðila sem láta málefni þeirra til sín taka.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skipar Öldungaráð að fengnum tilnefningum samkv. 2. gr. Skipunartími ráðsins er kjörtímabil bæjarstjórnar.

2.

Tilnefning.

- Eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í Öldungaráð Hafnarfjarðar.
- Félag eldri borgara í Hafnarfirði tilnefnir 4 fulltrúa og 4 til vara
- Þeir stjórn málflokkar sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn Hafnarfjarðar tilnefna 2 fulltrúa hver og 2 til vara.
- Þeir stjórn málflokkar sem starfa á landsvísu en eiga ekki fulltrúa í bæjarstjórn Hafnarfjarðar tilnefna 1 fulltrúa hver og einn til vara.
- Félag aðstandenda aldraðra tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara
- Fulltrúar sókna og safnaða í Hafnarfirði tilnefna 1 hver og 1 til vara
- Öldrunarsamtökin Höfn tilnefnir 1 fulltrúa og 1 til vara
- Verkalýðsfélagið Hlíf tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara
- STH tilnefnir 1 fulltrúa og 1 til vara
- Bandalag kvenna 1 fulltrúa og einn til vara

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2.12.2008
Málsnr:	0712029
Bréfak:	330

	Skjalasafn 28.6.2008
	Fjölskylduráð 21.6.2008
	Afgreitt <i>Lagt fyrir</i>

3.

Starfsfyrirkomulag

Í septembarmánuði eftir sveitarstjórnarkosningar boðar bæjarstjórnin í Hafnarfirði, eða sá sem hann felur það verkefni, til aðalfundar öldungaráðs enda hafi bæjarstjórn þá borist tilnefningar í samræmi við ákvæði 2.gr.

Á aðalfundinum fer fram kosning formanns og 6 meðstjórnenda.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Öldungaráð og stjórn þess setja að öðru leyti reglur um starfshætti ráðs og stjórnar s.s. um fundarskóp, verkefni aðalfundar, verkefni stjórnar. tíðni og boðun funda, verkaskiptingu stjórnar og ráðs.

4.

Samráðsferli

Öldungaráð er bæjarstjórn Hafnarfjarðar til ráðgjafar um málefni eldri borgara í sveitarfélaginu.

Til að stuða að því að þessu markmiði verði náð skal:

A. Bæjaráð halda a.m.k. einn fund með stjórn öldungaráðs þar sem kynntar eru með góðum fyrirvara hugmyndir og tillögur í fjárhagsáætlun sem varða álagningu gjalda og heimildir til niðurfellinga og lækkunar til handa eldri borgurum.

B. Þjónustuhópur aldraðra haldi 2 fundi árlega með stjórn öldungaráðs þar sem staða mála er kynnt og hugmyndir lagðar fram.

C. Fjölskylduráð haldi 2 fundi árlega með stjórn öldungaráðs þar sem stefnumótun í málefnum aldraðra er til sérstakrar umfjöllunar.

D. Fjölskylduráð getur boðað stjórn eða formann stjórnar öldungaráðs til fundar ráðsins ef til umfjöllunar eru mál sem sérstaka þýðingu hafa fyrir aldraða.

Stjórn öldungaráðs getur með hæfilegum fyrirvara óskað eftir fundi með fjölskylduráði um mál sem hún telur nauðsynlegt að kynna fyrir ráðinu.

5. Starfsaðstaða

Hafnarfjarðarbær leggur öldrunarráði til starfsaðstöðu s.s. vegna funda ráðs og stjórnar.

Skipulags- og starfsreglur þessar eru staðfestar af bæjarstjórn Hafnarfjarðar xx.yy.2006 og verða endurskoðaðar að fenginni reynslu á kjörtímabilinu 2006-2010